

Tónleikar  
í  
Listasafni Sigurjóns Ólafssonar

Margrét Bóasdóttir  
sópran

Beate Echtler-Kaller  
mezzósópran

Stephan Kaller  
píanó

**Margrét Bóasdóttir** nam söng hjá Elísabetu Erlingsdóttur við Tónlistarskóla Kópavogs og lauk burtfararprófi árið 1975. Sama ár lauk hún tónmenntakennaraprófi frá Tónlistarskólanum í Reykjavík. Hún stundaði framhaldsnám við Tónlistarháskólann í Heidelberg-Mannheim í einsöngskennaradeild, óperu- og konsertdeild og útskrifaðist árið 1981. Hún nam ljóðatúlkun hjá prófessor Konrad Richter við Tónlistarháskólann í Stuttgart og var síðar í einkakennslu hjá prófessor Erika Schmidt-Valentin í Bayern. Hún hefur sótt fjölmörg námskeið í túlkun ljóðasöngs og barokksöngs, nú síðast hjá Ian Partridge í Skálholti. Hún hefur haldið fjölda ljóðatónleika hér heima og víða erlendis og sungið einsöngshlutverk í mörgum helstu kirkjulegum verkum tónbókmenntanna. Margrét starfar nú hjá Söngmálastjóra Þjóðkirkjunnar fyrir Barnakóra við kirkjur og hefur kennt við Guðfræðideild Háskóla Íslands.

**Beate Echtler-Kaller** stundaði söngnám hjá prófessor Erika Schmidt-Valentin við Berufsfachschule für Musik í Krumbach, Bayern og hefur auk þess lokið námi sem söngkennari og kórstjóri. Hún hefur haldið ljóðatónleika og sungið einsöngshlutverk í kirkjulegum verkum í Þýskalandi, Austurríki og á Ítalíu. Hún starfar sem söngvari, kennari og kórstjóri í Augsburg.

**Stephan Kaller** nam píanóleik við Tónlistarháskólann í Würzburg og lauk einleikaraprófi árið 1984. Einnig stundaði hann sérnám í píanóleik með ljóðasöng. Hann starfar sem píanókennari við Berufsfachschule für Musik í Krumbach, Bayern. Hann hefur haldið einleikstónleika og leikið kammertónlist víða um Þýskaland, í Austurríki, Slóvakíu, á Ítalíu og á Íslandi.

Margrét, Beate og Stephan hafa starfað saman síðan árið 1989 og haldið tónleika víða um Þýskaland. Þau hittast yfirleitt árlega og í október næstkomandi eru fyrirhugaðir 6 tónleikar í Þýskalandi, meðal annars í München og í Heidelberg. Þetta er í þriðja sinn sem þau leika og syngja saman á Íslandi.

### Efnisskrá

Henry Purcell (1659 - 1695)	Sound the trumpet My dearest, my fairest
Jórunn Viðar (f. 1918)	Tveir söngvar við ljóð Jakobínu Sigurðardóttur Vorljóð á Ýli Vökuró
Jón Hlöðver Áskelsson (f. 1945)	Í garði <i>frumflutningur</i> við ljóð Sigurðar Ingólfssonar
Johannes Brahms (1833 - 1897)	Fjórir söngvar úr Zigeunerlieder He Zigeuner Kommt dir manchmal in den Sinn Lieber Gott, du weisst Brauner Bursche
Ítölsk þjóðlög	Jo ho fatto su il fagotto C'erano tre Zitelle Quando vidi la Rosina
Leonard Bernstein (1918 - 1993)	I feel pretty Somewhere Tonight
Erik Satie (1866 - 1925)	Je te veux Le Chapelier La Diva de L'Empire
Gioacchino Rossini (1792 - 1868)	Le Pesca Voga, o Tonio benedetto